

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 8 2. janúar 1981 um niðurfellingu og/
eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til sam-
keppnisiðnaðar með síðari breytingum.

1. gr.

Við upptalningu 1. gr. auglýsingarinnar bætist eftirtalið tollskrárnúmer:
90.08.39

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 4. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtu-
manni innan 6 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst
5 000,00 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess
að lágmarksfjárhæð náist.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976
um tollskrá o. fl., 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald
með áorðnum breytingum, 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1980 um jöfnunargjald og lið 4.1
6. gr. laga nr. 85 31. desember 1983, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 21. nóvember 1984.

Albert Guðmundsson.

Björn Hafsteinsson.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárþæi, Þorkelshóls-
hreppi, Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárþæja. Heimili og varnar-
þing er í Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá býlum á svæðinu fyrir vatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur eftirtalinna býla: Stóru-Ásgeirsár, Litlu-Ásgeirsár,
Víðihlíðar, Víðigerðis, Auðunnarstaða I, Auðunnarstaða II, Birkihlíðar, Brúnar, Bruna-
skúrs við Víðigerði.

4. gr.

Stofnkostnað og viðhaldskostnað af vatnsveitu þessari greiða stofnendur á eftirfarandi hátt:

- I. Stofnkostnaður af vatnsveitu frá vatnsinntaki í landi Stóru-Ásgeirsár að vatnstanki fyrir Ásgeirsárbæi, greiða Ásgeirsárbær 50% og bæir Víðihlíðarhverfis 50.%
- II. Vatnstank fyrir Ásgeirsárbæi og kostnað af leiðslum frá tanki til Ásgeirsárbæja greiða Ásgeirsárbær sjálfir. Þessi kostnaður og kostnaður sem kemur í hlut Ásgeirsárbæja af I. lið og viðhaldskostnað af þessum atriðum, skiptist þannig að Litla-Ásgeirsá greiðir $\frac{2}{3}$ hluta en Stóra-Ásgeirsá greiðir $\frac{1}{3}$ hluta.
- III. Stofnkostnað af vatnsveitu frá tanki fyrir Ásgeirsárbæi, fyrir Víðihlíðarhverfi, greiða eftirtalin býli í Víðihlíðarhverfi í neðangreindum hlutföllum:

Víðihlíð	20%
Víðigerði	20%
Auðunnarstaðir I	20%
Auðunnarstaðir II	20%
Birkihlíð	8%
Brún	8%
Brunaskúr	4%
	100%

- IV. Stofnkostnað og viðhaldskostnað af leiðslum frá aðalleiðslu Víðihlíðarhverfis til hvers býlis fyrir sig, greiðir hvert býli fyrir sig.

- V. Viðhaldskostnað af aðalleiðslu frá vatnsuppsprettu til enda greiða býlin í eftirtöldum hlutföllum:

Stóra-Ásgeirsá	14,3%
Litla-Ásgeirsá	14,3%
Víðihlíð	14,3%
Víðigerði	14,3%
Auðunnarstaðir I	14,3%
Auðunnarstaðir II	14,3%
Birkihlíð	6,0%
Brún	6,0%
Brunaskúr	2,2%
	100,0%

5. gr.

Vatnsveitufélag Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárbæja greiðir ekki sérstakt gjald nú né síðar til landeiganda Stóru-Ásgeirsár, sem leggur til vatnið í vatnsveitu félagsins.

6. gr.

Nýja félagsmenn má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður skal greiða stofngjald sem stjórn félagsins ákveður. Sjálfur skal hinn nýi félagsmaður kosta allar framkvæmdir, sem gerðar eru sérstaklega fyrir hann til að hann geti notað mannvirki félagsins.

7. gr.

Allt vatn í fjós, þvottahús, verkstæði, bílaplön og önnur þau hús, sem viðkomandi býlum kann að fylgja, telst undir sama stofngjald.

8. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverju býli á félagssvæðinu, sem vatns nýtur úr vatnsveitunni. Skal félagsstjórn tiltaka upphæð hans þannig fyrir hvert reikningsár, að nægi til greiðslu vaxta og afborgana af stofnkostnaði aðalleiðslu vatnsveitunnar og til viðhalds. Gjöld þessi má taka lögtaki ásamt áföllum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum um greiðslu gjalda til félagsins. Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum ber að greiða til félagsins samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

9. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til félagsfundar ef þrír félagar eða tveir stjórnarmeðlimir krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

10. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann enda hafi löglega verið til hans boðað. Fundur er löglega boðaður ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboðið bréflega eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

11. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boða með viku fyrirvara, bréflega eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur er $\frac{3}{4}$ félagsmanna sækir hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess og kosnir þrír menn í stjórn félagsins og tveir endurskoðendur til eins árs í senn. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

12. gr.

Stjórn félagsins skiptir sjálf með sér verkum. Störf stjórnar og endurskoðenda skulu vera ólaunuð. Formaður kveður stjórn saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir að allir stjórnarmenn mæti. Færa skal gjörðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

13. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast bókhald hennar og innheimtu á gjöldum félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og aðalleiðslu. Viðhald heimæða og umbúnaðar í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

14. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Víðihlíðarhverfis og Ásgeirsárþæja í Porkelshólshreppi í V.-Húnavatnssýslu staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. nóvember 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.